

Borgarráð

Kostnaður vegna þátttöku Reykjavíkurborgar í borgarhátíðinni La Mercè

Á fundi borgarráðs þann 29. júní sl. var svohljóðandi fyrirspurn lögð fram af borgarráðsfulltrúum Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvort legið hafi fyrir að umtalsverður kostnaður fylgdi þeirri ákvörðun að þiggja boð Barselónaborgar um að Reykjavíkurborg yrði heiðursgestur á borgarhátíðinni La Mercè.

Svar:

Þann 26. janúar sl. var samþykkt í borgarráði tillaga um þátttöku í borgarhátíðinni La Mercè og var menningar- og ferðamálasviði falið að undirbúa þátttökuna í samvinnu við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Hátíðin er stærsta og elsta hátíð Barselóna og sækja hana um tvær milljónir gesta. Hátíðin fer fram á sögufrægum stöðum í Barselóna auk þess sem hún teygir anga sín út í hverfi borgarinnar með þátttöku borgarbúa og gesta þá daga sem hún stendur, 22. – 25. september 2017.

Sem heiðursgestur á La Mercè fetar Reykjavíkurborg í fótspor fyrri gestaborga eins og Parísar, Stokkhólms, Istanbul, Dakar, Montreal, St. Pétursborgar, Vínar og Buenos Aires.

Barselóna stendur straum af umtalsverðum kostnaði vegna þátttöku Reykjavíkurborgar í hátíðinni, eða öllum kostnaði umfram framlag Reykjavíkurborgar sem nemur 45.000 evrum vegna launakostnaðar íslenskra listamanna í stærsta viðburði hátíðarinnar BAM (Barcelona Acció Musical) þar sem var ákveðið að hafa sérstakt Reykjavíkurkvöld á aðaldegí hátíðarinnar. Fulltrúar Reykjavíkur á BAM hátíðinni verða Kiasmos, Emmsjé Gauti, Samaris, Reykjavíkurdætur, JFDR, Ólöf Arnalds, Glowie og Grísalappalísa.

Á MAC hátíðinni sem heyrir undir La Mercè verða Milkywhale og Halldór Mar með þrjá tónleika hvor. Ingvar Björn, Sigtryggur Baldvinsson o.fl. verða með ljósa- og tónlistarinnsetninguna Terra Forma og Full Dome show með íslenskum ljósmyndum í fjóra

sólarhringa.

Sigríður Soffía Níelsdóttir annast flugeldahátíð í Es Pigo del Gas – Platges. Þá verða klassískir tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Barselónu og Þjóðarhljómsveitar Katalóníu undir stjórn Kazushi Ono með einsöngvaranum Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur.

Þá verða sýndar fjórar kvikmyndir Images of Iceland í CCB: Ransacked eftir Pétur Einarsson, Of Horses and men eftir Benedikt Erlingsson, Backyard eftir Árna Sveinsson með Múm, FM Belfast, Hjaltalín, Sin Fang Bous o.fl. Og frumsýning á Íslandsmyndinni Bokeh eftir Geoffrey Orthwein og Andrew Sullivan.

Ljóst er af þessari veigamiklu Reykjavíkurdagskrá að fjárframlag Reykjavíkurborgar upp á 45 þúsund evrur verður aðeins brot af kostnaði við þátttöku Reykjavíkurborgar í La Mercè hátíðinni.

La Mercè er veigamikil menningarhátíð sem nær til fjölda áhorfenda og hlýtur mikla athygli fjölmiðla, jafnt spænskra sem alþjóðlegra. Svo áberandi þátttaka íslenskra listamanna mun því væntanlega styrkja enn frekar ímynd Reykjavíkur sem menningarborgar og veita viðkomandi listamönnum færi á að kynna sig enn betur á alþjóðlegum vettvangi.

Dagur B. Eggertsson